

Þátttaka í almennum bólusetningum barna á Íslandi 2019

Uppgjör 2021



Formáli

Bólusetning er ein áhrifaríkasta og kostnaðarhagkvæmasta aðgerð gegn alvarlegum smitsjúkdómi sem völ er á dag. Íslendingar hafa löngum verið fljótir að taka í notkun ný bóluefni þökk sé framsýni stjórnvalda og góðum viðtökum almennings en til að almenn bólusetning nái fullum árangri þarf þátttakan í samfélaginu að vera fullnægjandi.

Fyrsta árlega opinbera uppgjör um þátttöku í bólusetningum hér á landi var birt á árinu 2013 en fyrir þann tíma hafði þátttakan verið áætluð út frá sölutölum bóluefnanna. Frá árinu 2013 hafa þáttökutölur byggst á rafrænni skráningu bólusetninga í bólusetningagrunn sóttvarnalæknis en rafrænar skráningar hófust 2004/2005.

Í bólusetningaskýrslum undanfarinna ára hefur komið fram ófullnægjandi þátttaka í bólusetningum við 12 mánaða, 18 mánaða og fjögurra ára aldur. Markvisst hefur verið unnið að því að bæta skráningu og eftirlit með bólusetningum ungra barna svo ekki falli niður bólusetningar hjá börnum sem þær þiggja og hefur sú vinna skilað ágætum árangri. Með aðgerðum til að efla skráningu bólusetninga ætti að fylgja aukin skráning á höfnun ef hún var áður verulega vanskráð, en svo virðist ekki vera. Andstaða foreldra við bólusetningar er því ekki talið útbreitt vandamál hér og er það stutt af niðurstöðum ýmissa rannsókna og skoðanakannana.

Í þessari skýrslu er eins og áður talsverður munur á þátttöku milli landssvæða í ákveðnum bólusetningum sem krefst nánari skoðunar.

Snemma árs 2019 kom hér upp lítill faraldur af mislingum en vegna samhentra viðbragða og góðrar bólusetningarþátttöku í samfélaginu þá náðist að stemma stigu við frekari útbreiðslu. Þessi reynsla á að vera okkur áminning um að stöðugt þarf að vera á varðbergi varðandi viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Góð þátttaka í bólusetningum gegnir lykilhlutverki í slíkum fyrirbyggjandi aðgerðum.



Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir

I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2001 skal skrá allar bólusetningar á Íslandi í miðlægum bólusetningagrunn sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Grunnurinn inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar á Íslandi frá árinu 2004/2005 en upplýsingar um bólusetningar fyrir þann tíma eru einungis til á þeim stöðum þar sem bólusetningar fóru fram s.s. á heilsugæslustöðvum nema heilsugæslan hafi fært þær inn í grunninn eftir á. Grunnurinn byggir á rafrænni skráningu bólusetninga á heilsugæslustöðvum, sjúkrastofnunum og skólum á Íslandi. Skráð er nafn, kennitala, fæðingardagur, búseta hins bólusetta skv. Þjóðskrá, dagsetning bólusetningar, hvar bólusetning fór fram og loks sérlyfjaheiti bóluefnis ásamt kóðanúmeri. Tilgangurinn með bólusetningagrunninum er að fylgjast með þátttöku í bólusetningum á Íslandi og meta hættuna á að upp komi faraldrar sjúkdóma sem bólusett er gegn. Einnig er hægt að hafa upp á óbólusettum einstaklingum og bjóða þeim bólusetningu en vegna endurbóta á sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar undanfarin ár er nú einnig hægt að sinna því verkefni á heilsugæslustöð þar sem viðkomandi er skráður. Bólusetningagrunnur sóttvarnalæknis nýtur sérstöðu þar sem fáar þjóðir hafa yfir að ráða gagnagrunni sem inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar heillar þjóðar í rauntíma. Árlegt uppgjör almennra bólusetninga hefur verið birt með svipuðu sniði og hér er gert frá árinu 2012.

Í þessari skýrslu eru birtar þátttökutölur í almennum bólusetningum barna á árinu 2019 bæði á landsvísu og eftir sóttvarnaumdæmum. Við lestur skýrslunnar er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Uppgjör á þátttöku í almennum bólusetningum á Íslandi byggir alfarið á upplýsingum um bólusetningar sem skráðar hafa verið rafrænt í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana sem tengdar eru miðlægum bólusetningagrunni sóttvarnalæknis. Þátttökutölur kunna því að vera hærri en fram koma í þessari skýrslu því í einhverjum tilfellum getur hafa láðst að skrá bólusetningar barna í rafræna sjúkraskrárkerfið.
- Þátttaka bólusetninga er reiknuð sem hlutfall bólusettra barna í tilteknum fæðingarárgangi af heildarfjölda barna sama fæðingarárgangs. Fjöldatölur eru sóttar í Þjóðskrá í rauntíma og endurspeglar fjölda sem er skráður þegar vinna við þessa skýrslu fer í gang en ekki t.d. meðalfjölda í árgangi árið sem bólusetning var gefin. Einungis börn sem búsett eru á Íslandi skv. Þjóðskrá eru tekin með í útreikninga og eru þau ýmist með íslenskt eða erlent ríkisfang. Í einhverjum tilvikum getur verið að dvalarstaður sé annar en lögheimili, jafnvel erlendis, sem getur lækkað þátttökutölur á því svæði sem lögheimili er skráð. Einnig lækkar það þátttökutölur ef barn hefur flust hingað til lands eftir að bólusetningar voru gerðar annars staðar og þær ekki skráðar í grunninn við komuna til landsins.
- Í uppgjörinu eru mismunandi fæðingarárgangar notaðir sem grundvöllur fyrir þátttökunni, allt eftir um hvaða bólusetningu er að ræða.

Skýrsla fyrir árið 2019 er gefin út mun seinna en vant er vegna anna sl. árs (2020) tengdum COVID-19. Þátttökutölur eru svipaðar og fyrri ár en framsetningu hefur verið breytt lítillega fyrir bólusetningar á fyrsta aldursári, þar sem skammtafjöldi sem telst fullnægjandi bólusetning fer eftir því hvenær bólusetning hefst. Enn sem komið er er það aðeins meningókokkabólusetning þar sem þessu eru gerð ítarleg skil en í undirbúningi er að gera það sama fyrir aðrar bólusetningar sem gefnar eru á fyrsta aldursári.

Vert er að geta þess að börn fædd 2017, sérstaklega í Reykjavík og á Austurlandi, áttu sum kost á MMR bólusetningu fyrir 18 mánaða skoðun vegna mislingafaraldurs snemma á árinu 2019. Á Austurlandi er enginn munur á þátttöku þessa árgangs samanborið við árgang 2016 sem var fjallað um í skýrslunni fyrir árið 2018 en í Reykjavík lækkar þátttökuhlutfallið úr 94% í 91% árið sem faraldur gekk. Höfnun MMR bólusetningar er og hefur verið um nokkurt skeið um 1% per árgang í Reykjavík, mun algengara er að engin skráning sé í grunni og því ekki hægt að fullyrða um ástæður þessarar lækkunar í þátttökuhlutfalli út frá gögnum í bólusetningagrunni. Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes ná ekki viðmiði um 95% þátttöku í MMR hvorki við 18 mánaða né 12 ára aldur að þessu sinni. Bæði þessi svæði hafa hátt hlutfall einstaklinga sem flytjast til og frá heilsugæslusvæðunum og er trúlegt að ekki hafi verið skráðar bólusetningar gerðar erlendis fyrir a.m.k. hluta þess hóps sem um ræðir. Til að hægt sé að meta raunverulega hættu á faraldri er mikilvægt að þau töl sem nú eru til staðar í sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar til að fylgjast með bólusetningum barna sem ekki hafa náð skólaaldri séu nýtt á skipulegan hátt og eins að skólahjúkrunarfræðingar haldi uppteknum hætti við að fara yfir bólusetningar nýskráðra nema í hverjum skóla, óháð aldri. Því miður er hætt við að þessar leiðir skili ekki tilætluðum árangri ef fjölskyldur eru ekki talandi eða læsar á íslensku eða ensku. COVID-19 faraldurinn hefur kennt okkur margt um miðlun upplýsinga á ýmsum málum. Svo efla megi enn frekar upplýsingar um bólusetningar íbúa landsins er rétt að íhuga hvort útbúa megi kynningu á heilsugæslu barna fyrir aðflutta íbúa á ýmsum málum, þar sem hvatt væri til að skila upplýsingum um fyrri bólusetningar til heilsugæslunnar, og réttur barna til bólusetninga hér á réttaður.

Á árinu 2019 var fyrirkomulag almennra bólusetninga á Íslandi eftirfarandi:



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Almennar bólusetningar barna á Íslandi frá september 2015

Aldur:	Bólusetning gegn:
3 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
5 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
6 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
8 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
12 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
18 mánaða	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).
4 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix).
12 ára	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO). Leghálskrabbameini (HPV) eingöngu fyrir stúlkur. Tvær sprautur gefnar með a.m.k. 6 mánaða millibili (Cervarix).
14 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta ásamt mænusótt í einni sprautu (Boostrix Polio).

Frekari upplýsingar um bólusetningar barna má finna á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) og á heilsugæslustöðvum.

II. Þátttaka eftir bóluefnum – bólusetningar á áætlun 2019

1. Grunnbólusetning: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti, lömunarveiki og Haemofilus influenzae b (DTP, Polio, Hib) í einni sprautu - Fæðingarárgangur 2018

	% þátttaka 3 mán. (1 skammtur)	% þátttaka 5 mán. (2 skammtar)	% þátttaka 12 mán. (3 skammtar)
Landið allt	95	94	93
Höfuðborgarsvæðið	94	94	92
Vesturland	95	95	92
Vestfirðir	95	95	95
Norðurland	97	97	96
Austurland	93	93	92
Suðurland	94	94	92
Suðurnes	96	96	92

2. Endurbólusetning við 4 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi og kikhósti (DTP) í einni sprautu - Fæðingarárgangur 2014

	% þátttaka
Landið allt	92
Höfuðborgarsvæðið	92
Vesturland	95
Vestfirðir	94
Norðurland	96
Austurland	92
Suðurland	95
Suðurnes	92

3. Endurbólusetning við 14 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti og mænusótt (DTP og Polio) í einni sprautu - Fæðingarárgangur 2004

	% þátttaka
Landið allt	94
Höfuðborgarsvæðið	93
Vesturland	96
Vestfirðir	91
Norðurland	97
Austurland	97
Suðurland	98
Suðurnes	94

4. Pneumókokkar - Fæðingarágangur 2018

	% þátttaka 3 mán. (1 skammtur)	% þátttaka 5 mán. (2 skammtar)	% þátttaka 12 mán. (3 skammtar)
Landið allt	94	94	92
Höfuðborgarsvæðið	94	94	92
Vesturland	95	95	91
Vestfirðir	95	95	93
Norðurland	97	97	95
Austurland	93	93	92
Suðurland	93	93	91
Suðurnes	96	96	93

5. Meningókokkar C - Fæðingarágangur 2018

	% þátttaka 6 mán. (1 skammtur)	% þátttaka 8 mán. (2 skammtar)	Fullbólusett*
Landið allt	94	90	93%
Höfuðborgarsvæðið	93	90	92%
Vesturland	93	89	91%
Vestfirðir	93	90	93%
Norðurland	97	94	96%
Austurland	95	89	92%
Suðurland	92	90	93%
Suðurnes	95	91	93%

*Börn sem fá 1 skammt eftir 12 mán aldur teljast fullbólusett við meningókokkum C og leggjast við þau sem fá tvo skammta eftir áætlun hér

6. Mislingar, hettusótt, rauðir hundar (MMR) í einni sprautu Fæðingarágangur 2017 og 2007

	% þátttaka 18 mán.	% þátttaka 12 ára
Landið allt	92	94
Höfuðborgarsvæðið	91	93
Vesturland	95	95
Vestfirðir	95	99
Norðurland	95	96
Austurland	96	97
Suðurland	95	95
Suðurnes	92	94

7. Human Papilloma Virus (HPV) - Fæðingarágangur 2007

	% þátttaka 12 ára-1	% þátttaka 12 ára-2*
Landið allt	94	91
Höfuðborgarsvæðið	94	91
Vesturland	96	90
Vestfirðir	100	100
Norðurland	98	97
Austurland	98	95
Suðurland	94	90
Suðurnes	95	91

*Skammtur 2 á áætlun vormánuði 2020

III. Þátttaka eftir landssvæðum (%)

Landið allt

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	95	94			93						
DTP	2014							92				
DTP, Polio	2004											94
Pneumókokkar	2018	94	94			92						
Meningókokkar	2018			94	91							
MMR	2017						92					
MMR	2007								94			
HPV	2007									94	91	

Höfuðborgarsvæði

		Þátttaka										
Bóluefni	Árgangur	% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	94	94			92						
DTP	2014							92				
DTP, Polio	2004											93
Pneumókokkar	2018	94	94			92						
Meningókokkar	2018			94	91							
MMR	2017						91					
MMR	2007								93			
HPV	2007									94	91	

Vesturland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	95	95			92						
DTP	2014							95				
DTP, Polio	2004											96
Pneumókokkar	2018	95	95			91						
Meningókokkar	2018			94	90							
MMR	2017						95					
MMR	2007								95			
HPV	2007									96	90	

Vestfirðir

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	95	95			95						
DTP	2014							94				
DTP, Polio	2004											91
Pneumókokkar	2018	95	95			93						
Meningókokkar	2018			92	89							
MMR	2017						95					
MMR	2007								99			
HPV	2007									100	100	

Norðurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	97	97			96						
DTP	2014							96				
DTP, Polio	2004											97
Pneumókokkar	2018	97	97			95						
Meningókokkar	2018			97	96							
MMR	2017						95					
MMR	2007								96			
HPV	2007									98	97	

Austurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	93	93			92						
DTP	2014							92				
DTP, Polio	2004											97
Pneumókokkar	2018	93	93			92						
Meningókokkar	2018			96	91							
MMR	2017						96					
MMR	2007								97			
HPV	2007									98	95	

Suðurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2018	94	94			92						
DTP	2014							95				
DTP, Polio	2004											98
Pneumókokkar	2018	93	93			91						
Meningókokkar	2018			94	91							
MMR	2017						95					
MMR	2007								95			
HPV	2007									94	90	

Suðurnes

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2017	96	96			92						
DTP	2013							92				
DTP, Polio	2003											94
Pneumókokkar	2017	96	96			93						
Meningókokkar	2017			94	92							
MMR	2016						92					
MMR	2006								94			
HPV	2006									95	91	